



# FJÁRHAGSÁÆTLUN SKAFTÁRHREPPS 2022-2025

Síðari umræða 15. desember 2021




## Efnisyfirlit

Fjárhagsáætlunarferlið .....	2
Helstu forsendur fjárhagsáætlunar 2022 og þriggja ára áætlunar 2023-2025 .....	2
Rekstraryfirlit 2022 .....	4
Framkvæmdaáætlun 2022-2025 .....	6
Fjárfestingar 2022-2025 .....	7
Gjaldfært viðhald .....	8
Rekstrarniðurstaða .....	9
<i>Mynd 1 Verkferli sveitarstjórnar við undirbúning fjárhagsáætlunar 2022-2025 .....</i>	<i>2</i>
<i>Mynd 2 Lykiltölur úr fjárhagsáætlun .....</i>	<i>3</i>
<i>Mynd 3 Rekstraryfirlit málaflokka 2022 .....</i>	<i>4</i>
<i>Mynd 4 Áætlaðar lántökur 2022-2025 .....</i>	<i>6</i>
<i>Mynd 5 Þróun skuldahlutfalls og skuldaviðmiðs .....</i>	<i>6</i>
<i>Mynd 6 Fjárfestingaryfirlit 2022 .....</i>	<i>7</i>
<i>Mynd 7 Fjárfestingaryfirlit 2023-2025 .....</i>	<i>7</i>
<i>Mynd 8 Viðhaldsverkefni 2022 .....</i>	<i>8</i>
<i>Mynd 9 Rekstrarreikningur 2022-2025 .....</i>	<i>9</i>
<i>Mynd 10 Rekstrarjöfnuður skv. sveitarstjórnarlögum nr. 138/2011 .....</i>	<i>10</i>



## Fjárhagsáætlunarferlið

Undirbúningur vegna fjárhagsáætlunar 2022-2025 hefur staðið yfir frá því í september sl. Ennþá ríkir nokkur óvissa varðandi tekjuhlið næstu ára vegna þeirra áhrifa sem Covid-19 hefur haft á ferðaþjónustu og tengdar greinar í Skaftárhreppi. Sveitarstjórn hefur unnið samkvæmt sama verklagi við fjárhagsáætlanagerðina og undanfarin ár í þeim tilgangi að fá sem flesta til þátttöku og gefa öllum tækifæri á að koma með ábendingar og athugasemdir í ferlinu. Í ár var haldinn staðfundur með formönnum nefnda og forstöðumönnum en vegna hertra samkomutakmarkana í nóvember reyndist eingöngu unnt að halda fund fyrir íbúa í fjarfundi. Þátttaka íbúa samfélagsins í gerð fjárhagsáætlunar er mikilvæg þar sem niðurstaða hennar er bindandi fyrir sveitarstjórn þegar kemur að rekstri sveitarfélagsins á næsta ári og er ekki breytt nema með gerð viðauka við fjárhagsáætlun. Áætlunin sem gerð er fyrir 2023-2025 er síðan stefnumótandi áætlun sveitarstjórnar.



Mynd 1 Verkefni sveitarstjórnar við undirbúning fjárhagsáætlunar 2022-2025

## Helstu forsendur fjárhagsáætlunar 2022 og þriggja ára áætlunar 2023-2025

Almennar forsendur líkt og verðlagsbreytingar, útsvar og fasteignamat eru opinberar upplýsingar sem ýmist koma frá Þjóðskrá, Hagstofunni eða Sambandi íslenskra sveitarfélaga.

Reiknað er með 3,3 % almennum verðlagsbreytingum 2022 og öðrum verðlagsbreytingum samræmi við þjóðhagsspá að vetri frá Hagsstofu Íslands til 2025. Launabreytingar eru áætlaðar 5,3%. Útsvarshlutfall verður áfram í hámarki eða 14,52%. Hækkun á fasteignamati er 5,8%.

- Fasteignagjöld skv. a- lið, íbúðir og útihús, 0,625%
- Fasteignagjöld skv. b- lið, opinbert húsnæði, 1,32%
- Fasteignagjöld skv. c- lið, atvinnuhúsnæði, 1,65%



## Skaftárhreppur

- *Holræsagjald verði 0,25% af fasteignamati húss og lóðar á Kirkjubæjarklaustri.*

*Gjalddagar fasteignagjalda 2022 verða 9.*

Gjaldskrár skipulags- og byggingarmála, slökkviliðs, mótuneytis, tónlistarskóla og leikskóla taka vísitölubreytingum á milli ára líkt og undanfarin ár. Gjaldskrá um meðhöndlun úrgangs, íþróttamiðstöðvar, hunda- og kattahalds og félagsheimila verða óbreyttar.

Talsverðar hækkanir eru á launakostnaði hjá Skaftárhreppi sem skýrist mest af áhrifum styttingu vinnuvikunnar sem tók gildi 1. janúar 2021 hjá dagvinnufólki og 1. maí 2021 hjá vaktavinnufólki.

	Rauntölur 2020	Útkomuspá 2021	Áætlun 2022	Áætlun 2023	Áætlun 2024	Áætlun 2025
<b>Lykiltölur</b>						
<b>Í hlutfalli við tekjur</b>						
<b>Rekstrartekjur:</b>						
Útsvar og fasteignaskattur .....	58,9%	50,4%	53,9%	55,3%	55,7%	56,0%
Framlög Jöfnunarsjóðs .....	23,3%	18,4%	23,9%	23,1%	22,8%	22,5%
Aðrar tekjur .....	17,8%	31,2%	22,2%	21,6%	21,6%	21,5%
	100,0%	100,0%	100,0%	100,0%	100,0%	100,0%
<b>Rekstrargjöld:</b>						
Laun og launatengd gjöld .....	53,7%	51,9%	55,1%	53,2%	52,5%	51,8%
Annar rekstrarkostnaður .....	39,1%	39,1%	39,0%	37,8%	37,5%	37,2%
Afskriftir .....	3,3%	2,7%	3,5%	3,8%	4,2%	4,4%
Fjármagnslóðir, nettó .....	1,8%	1,6%	1,4%	2,2%	3,0%	3,3%
	97,9%	95,2%	99,0%	97,0%	97,2%	96,7%
Framlög frá eigin sjóðum .....	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%
Peningaleg staða (neikvæð) .....	( 17,3% )	( 24,6% )	( 34,4% )	( 54,4% )	( 63,8% )	( 66,1% )
Skuldir og skuldbindingar .....	39,4%	41,9%	52,9%	71,1%	79,8%	81,7%
Rekstramiðurstæða (neikvæð) .....	2,0%	4,7%	0,8%	3,0%	2,8%	3,3%
Veltufé frá rekstri (til rekstrar) .....	6,1%	5,2%	5,4%	8,1%	8,6%	9,4%
Fjárfestingaþreyingar .....	( 6,3% )	( 14,6% )	( 13,2% )	( 29,1% )	( 18,7% )	( 13,0% )
<b>Í þúsundum króna á hvern íbúa</b>						
<b>Rekstur:</b>						
Skatttekjur og Jöfnunarsjóður .....	891	867	900	927	941	957
Þjónustutekjur og aðrar tekjur .....	193	394	256	256	259	262
<b>Tekjur samtals</b> .....	<b>1.085</b>	<b>1.260</b>	<b>1.156</b>	<b>1.182</b>	<b>1.200</b>	<b>1.219</b>
Rekstrargjöld og fjármagnslóðir nettó .....	( 1.027 )	( 1.167 )	( 1.106 )	( 1.101 )	( 1.116 )	( 1.125 )
Framlög frá eigin sjóðum .....	0	0	0	0	0	0
Rekstramiðurstæða (neikvæð) .....	21	59	9	36	34	40
<b>Efnahagur:</b>						
Heldareignir .....	1.284	1.443	1.495	1.724	1.851	1.906
Eigið fé .....	857	915	884	883	893	910
Skuldbindingar og aðrir liðir .....	15	15	17	16	16	15
Skuldir .....	412	513	594	826	942	981
<b>Eigið fé og skuldir samtals</b> .....	<b>1.284</b>	<b>1.443</b>	<b>1.495</b>	<b>1.724</b>	<b>1.851</b>	<b>1.906</b>
<b>Aðrar lykiltölur:</b>						
Veltufjárhútfall .....	1,39	1,25	1,21	1,05	1,04	0,94
Eiginfjárhútfall .....	0,67	0,63	0,59	0,51	0,48	0,48
Skuldaviðmið skv. reglugerð 502/2012 .....	12,6%	20,7%	30,4%	50,6%	60,0%	62,7%
Skuldahútfall .....	39,4%	41,9%	52,9%	71,1%	79,8%	81,7%
Íbúaföldi 31. desember .....	626	656	686	716	736	756

*Mynd 2 Lykiltölur úr fjárhagsáætlun*

## Rekstraryfirlit 2022

Í ljósi áframhaldandi óvissu vegna áhrifa heimsfaraldurs á tekjur sveitarfélagsins eru tekjur sveitarfélagsins varlega áætlaðar til næstu fjögurra ára.

Málaflokkagfirlit 2022												
	Útsvar og fasteignaskat- tur	Framlög Jöfnunarsjóð- s	Aðrar tekjur	Tekjur samtals	Laun og launategd gjöld	Lífegris- skuldbinding, breyting	Annar rekstrar- kostnaður	Afskriftir	Samtals gjöld	Fjármagnsliðir nettó	Framlög hlutdeilda og aðrir liðir	Rekstrar- niðurstaða
<b>Aðalsjóður</b>												
00 - Skatttekjur.....	438.841	189.729	0	<b>628.570</b>	0	0	0	0	0			<b>628.570</b>
02 - Félagssjónusta.....	0	0	297	<b>297</b>	9.560	0	29.069		<b>38.628</b>			( <b>38.331</b> )
03 - Heilbrigðismál.....	0	0	0	<b>0</b>	0	0	946		<b>946</b>			( <b>946</b> )
04 - Fræðstu- og upplæðismál.....	0	0	73.947	<b>73.947</b>	246.747	0	140.809		<b>387.556</b>			( <b>313.609</b> )
05 - Menningarmál.....	0	0	6.294	<b>6.294</b>	5.999	0	20.663		<b>26.662</b>			( <b>20.369</b> )
06 - Æskuljóðs- og íþróttamál.....	0	0	21.832	<b>21.832</b>	44.778	0	56.686		<b>101.465</b>			( <b>79.632</b> )
07 - Brunamál og almannavarnir.....	0	0	1.142	<b>1.142</b>	17.270	0	6.608		<b>23.878</b>			( <b>22.736</b> )
08 - Hreinlætismál.....	0	0	29.599	<b>29.599</b>	0	0	34.158		<b>34.158</b>			( <b>4.559</b> )
09 - Skipulags- og byggingarmál.....	0	0	4.169	<b>4.169</b>	24.656	0	10.416		<b>35.072</b>			( <b>30.903</b> )
10 - Umferðar- og samgöngumál.....	0	0	4.448	<b>4.448</b>	0	0	10.152		<b>10.152</b>			( <b>5.704</b> )
11 - Umhverfismál.....	0	0	578	<b>578</b>	320	0	2.991		<b>3.312</b>			( <b>2.733</b> )
13 - Atvinnumál.....	0	0	( 217 )	( <b>217</b> )	1.690	0	28.108		<b>29.797</b>			( <b>30.014</b> )
20 - Framlög til B-hluta fyrirtækja.....	0	0	0	<b>0</b>	0	0	0		<b>0</b>			<b>0</b>
21 - Sameiginlegur kostnaður.....	0	0	11.700	<b>11.700</b>	56.950	0	34.254		<b>91.204</b>			( <b>79.504</b> )
22 - Breyting lífeyrisskuldbindinga.....	0	0	0	<b>0</b>	0	1.717	0		<b>1.717</b>			( <b>1.717</b> )
27 - Óreglugjafir liðir.....	0	0	0	<b>0</b>	0	0	0		<b>0</b>	0		<b>0</b>
28 - Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld.....	0	0	0	<b>0</b>	0	0	0		<b>0</b>	15.588		<b>15.588</b>
	<b>438.841</b>	<b>189.729</b>	<b>153.791</b>	<b>782.361</b>	<b>407.971</b>	<b>1.717</b>	<b>374.860</b>	<b>0</b>	<b>784.548</b>	<b>15.588</b>	<b>0</b>	<b>13.401</b>
<b>Aðrir sjóðir í A - hluta</b>												
Eignasjóður.....	0	0	116.002	<b>116.002</b>	29.033	0	49.347	24.919	<b>103.298</b>	( <b>21.184</b> )	0	( <b>8.481</b> )
Millifærslur A-hluta.....	( <b>9.321</b> )		( <b>117.352</b> )	( <b>126.673</b> )	0	0	( <b>126.673</b> )	0	( <b>126.673</b> )	0	0	<b>0</b>
<b>A - hluti samtals</b>	<b>429.520</b>	<b>189.729</b>	<b>152.441</b>	<b>771.690</b>	<b>437.004</b>	<b>1.717</b>	<b>297.534</b>	<b>24.919</b>	<b>761.173</b>	( <b>5.596</b> )	<b>0</b>	<b>4.920</b>
<b>Sjóðir í B - hluta</b>												
Félagslegar íbúðir.....	0	0	4.004	<b>4.004</b>	0	0	3.517	577	<b>4.094</b>	( <b>2.875</b> )	0	( <b>2.965</b> )
Leiguíbúðir.....	0	0	6.390	<b>6.390</b>	0	0	6.346	1.377	<b>7.723</b>	( <b>2.627</b> )	0	( <b>3.960</b> )
Íbúðir aldraðra.....	0	0	3.786	<b>3.786</b>	0	0	2.075	0	<b>2.075</b>	( <b>1.256</b> )	0	<b>455</b>
Fráveita.....	0	0	6.941	<b>6.941</b>	0	0	1.344	550	<b>1.893</b>	1.517	0	<b>6.564</b>
Skattárljóðs.....	0	0	2.131	<b>2.131</b>	0	0	292	371	<b>663</b>	( <b>386</b> )	0	<b>1.081</b>
Millifærslur B-hluta.....	0	0	0	<b>0</b>	0	0	0	0	<b>0</b>	0	0	<b>0</b>
<b>B - hluti samtals</b>	<b>0</b>	<b>0</b>	<b>23.251</b>	<b>23.251</b>	<b>0</b>	<b>0</b>	<b>13.574</b>	<b>2.875</b>	<b>16.448</b>	( <b>5.628</b> )	<b>0</b>	<b>1.175</b>
Millifærslur AB-hluta.....	( <b>2.046</b> )		0	( <b>2.046</b> )	0	0	( <b>2.046</b> )	0	( <b>2.046</b> )	( <b>0</b> )	0	( <b>0</b> )
<b>A og B hluti samtals</b>	<b>427.474</b>	<b>189.729</b>	<b>175.692</b>	<b>792.895</b>	<b>437.004</b>	<b>1.717</b>	<b>309.061</b>	<b>27.794</b>	<b>775.575</b>	( <b>11.224</b> )	<b>0</b>	<b>6.095</b>

Mynd 3 Rekstraryfirlit málaflokka 2022

Áætlanir gera þó ráð fyrir að tekjur sveitarfélagsins muni standa undir rekstrargjöldum. Engar stórar breytingar eru áætlaðar á rekstri einstaka málaflokka á milli áráanna 2021-2022. Gert er ráð fyrir sama fjölda stöðugilda hjá stofnunum sveitarfélagsins að undanskilinni viðhaldsdeildinni en þar er gert ráð fyrir aukningu um 1 stöðugildi. Stærstu verkefni næsta árs verða að ljúka við heildarendurskoðun aðalskipulags 2020-2032 ásamt því að undirbúa fráveituframkvæmdir á Kirkjubæjaklaustri og viðbyggingu grunnskólans. Eingöngu verða grenndarstöðvar til að móttaka úrgang og unnið verður að því að koma upp snjalltengdum lausnum til innheimtu sorpeyðingargjalds í rauntíma (PAYT) í samstarfi við ReSource Int. Rétt er að benda á að sveitarstjórnarkosningar verða haldnar 14. maí 2022 og mun ný sveitarstjórn taka við rekstri sveitarfélagsins 28. maí 2022.



## Skaftárhreppur

### Framkvæmdaáætlun 2022-2025

Framkvæmdaáætlun sveitarfélagsins skiptist í gjaldfært viðhald vegna fasteigna í eigu sveitarfélagsins annars vegar og fjárfestingar nýframkvæmda hins vegar. Líkt og áætlun um rekstur málaflokka er framkvæmdaáætlun fyrir árið 2022 bindandi fyrir sveitarstjórn og verður aðeins breytt með gerð viðauka við fjárhagsáætlun. Þriggja ára áætlun er síðan stefnumótandi áætlun sveitarstjórnar og gefur tóninn um þau verkefni sem hefja þarf undirbúning á 2022.


Framkvæmdaáætlunin 2022 verður um 144 millj. kr. Fjárfestingar 2022-2025 verða að hluta fjármagnaðar með lántökum en gatnagerðargjöld koma þó að hluta á móti kostnaði við gatnagerð. Verði áætlaðar tekjur hærri en gert er ráð fyrir mun það koma til lækkunar á þeim lántökum sem nú er gert ráð fyrir. Lántökur miðast við lán til 15 ára frá Lánasjóði sveitarfélaga með jöfnum afborgunum og fljóttandi óverðtryggðum vöxtum sem miðast við 6 mánaða REIBOR millivexti auk 0,5% álags.

Samantekið - A og B hluti						
	Rauntölur 2020	Útkomuspá 2021	Áætlun 2022	Áætlun 2023	Áætlun 2024	Áætlun 2025
<b>Sjóðstreymisýfirlit</b>						
<b>Fjármögnunarskýringar:</b>						
Framlög frá eigin fyrirtækjum og arður.....	0	0	0	0	0	0
Breyting á hlutfé.....	0	0	0	0	0	0
Viðskiptastaða eigin fyrirtækja, breyting.....	0	0	0	0	0	0
Tekin ný langtímalán.....	36.000	80.000	80.000	195.000	125.000	70.000
Afborganir langtímalána.....	( 42.475 )	( 10.115 )	( 16.108 )	( 22.004 )	( 36.382 )	( 37.304 )
Afborganir leiguskula.....	0	0	0	0	0	0
Langtímaskuldir við eigin fyrirtæki, breyting.....	0	( 0 )	0	0	0	0
Skammtímalán, breyting.....	0	0	0	0	0	0
	( 6.475 )	69.885	63.894	172.996	88.618	32.696
Hækkun (lækkun) á handbæru fé.....	44.821	( 6.586 )	3.077	( 4.228 )	969	734
Handbært fé (fjárför) í ársbyrjun.....	20.507	65.328	58.742	61.819	57.590	58.559
Handbært fé (fjárför) í árslok.....	65.328	58.742	61.819	57.590	58.559	59.293

Mynd 4 Áætlaðar lántökur 2022-2025

Skuldahlutfall sveitarfélagsins, sem nú er um 42%, verður samkvæmt ofangreindri áætlun í lok árs 2025 um 82% en má hæst vera 150% samkvæmt sveitarstjórnarlögum nr. 138/2011.

Skuldahlutfall og skuldaviðmiði



Mynd 5 Þróun skuldahlutfalls og skuldaviðmiðs



## Skaftárhreppur

### Fjárfestingar 2022-2025

Sveitarstjórn leggur upp með metnaðarfulla fjárfestingaráætlun til næstu fjögurra ára. Stærstu verkefni 2022 snúa að framkvæmdum við fráveitukerfi á Kirkjubæjarklaustri, uppbyggingu áhaldahúss og endurbætur á loftræstikerfi Klausturvegar 4 og varmadælu. Kaupa þarf tækjabíl fyrir slökkvilið og halda áfram með gatnagerð fyrir íbúðabyggð á Kirkjubæjarklaustri.

Fjárfesting	Lýsing á verkefni	Upphæð
<b>Gatnakerfi</b>		<b>56.000.000</b>
	Fráveita	30.000.000
	Gatnagerð	26.000.000
<b>Grunnskóli</b>		<b>5.000.000</b>
	viðbygging - hönnun og útboð	5.000.000
<b>Slökkvilið</b>		<b>10.000.000</b>
	bílakaup	10.000.000
<b>Áhaldahús/sorporkustöð</b>		<b>10.000.000</b>
	Nýbygging áhaldahús/flokkunarstöð	10.000.000
<b>Klausturvegur 4</b>		<b>15.000.000</b>
	Loftræstikerfi, lagnir og varmadæla	15.000.000
<b>Mötuneyti Skaftárhrepps</b>		<b>3.000.000</b>
	Kæli- og frystiklefi	5.000.000
<b>Sundlaug</b>		<b>2.500.000</b>
	Lyfta f. sundlaug	2.500.000
<b>Strandblaksvöllur + frisbígolf</b>		<b>1.000.000</b>
	Frágangur á strandblaksvelli og kaup á frisbíg.	1.000.000
<b>Samtals fjárfestingar</b>		<b>104.500.000</b>

Mynd 6 Fjárfestingaryfirlit 2022

Undirbúa þarf viðbyggingu við grunnskóla sveitarfélagsins á næsta ári sem stefnt er að því að hefja framkvæmdir við 2023 og áfram verða fráveituf framkvæmdir fyrirferðamiklar næstu tvö árin.

Fjárfesting	2023	2024	2025
Áhaldahús	10.000.000	10.000.000	
Gatnagerð	40.000.000		20.000.000
Fráveita	50.000.000	50.000.000	
Loftræstik. og varmad.	10.000.000		
viðb. Skóli	100.000.000	100.000.000	
Slökkvibíll	30.000.000		
Tækjasalur	6.500.000		
Nýr leikskóli		5.000.000	100.000.000
<b>Samtals</b>	<b>246.500.000</b>	<b>165.000.000</b>	<b>120.000.000</b>

Mynd 7 Fjárfestingaryfirlit 2023-2025





## Skaftárhreppur

### Gjaldfært viðhald

Mikil uppsöfnuð viðhaldspörf er á húsnæði grunnskólans og er áætlað að hefja vinnu við að taka húsið í gegn að utan í áföngum. Hlutfallslega verður sett mest fjármagn til viðhalds þar á næsta ári. Fresta þurfti mörgum verkefnum sem áætluð voru árið 2021 þar sem erfitt reyndist að fá verktaka í stærri verkefni. Leiguíbúðir á Skerjavöllum 3 og 5 þarfnast orðið mikils viðhalds en einnig er gert ráð fyrir fjármagni til viðhalds næstu þrjú árin í leikskólann, félagheimilið Kirkjuhvol og íþróttamiðstöð/sundlaug.

Gjaldfært	Lýsing á verkefni	Upphæð
<b>Kirkjubæjarskóli</b>		<b>20.000.000</b>
	skv. 10 ára viðhaldsáætlun	20.000.000
<b>Kæribær</b>		<b>1.500.000</b>
	viðhaldsáætlun	1.500.000
<b>Íþróttahús</b>		<b>1.536.000</b>
	árlegt viðhald 3 ára plan	1.500.000
<b>Kirkjuhvoll</b>		<b>1.750.000</b>
	3 ára plan málun gólfefni ofl	1.750.000
<b>Klausturhólar 1 og 2</b>		<b>7.000.000</b>
	Utanhúss viðhald þakkantur ofl	2.000.000
<b>Leiguíbúðir ýmiskonar viðh</b>		<b>4.500.000</b>
	3 ára viðhaldsplan	2.250.000
	3 ára viðhaldsplan	2.250.000
<b>Bókasafn</b>		<b>2.000.000</b>
	ný inngangshurð, rúðuskipti ofl.	2.000.000
<b>Ýmis verkefni</b>		<b>1.331.200</b>
<b>Samtals gjaldfært</b>	Múlakotsskóli, sparkvöllur ofl.	<b>39.617.200</b>

Mynd 8 Viðhaldsverkefni 2022



## Skaftárhreppur

### Rekstrarniðurstaða

Áætlanir samstæðu Skaftárhrepps fyrir árin 2022-2025 gera ráð fyrir jákvæðri rekstrarniðurstöðu öll árin. Viðsnúningur í ferðaþjónustunni skiptir þar mestu máli. Sveiflur í atvinnumálum koma seinna fram í rekstri sveitarfélagsins þar sem útsvarsgreiðslur byggjast á áætlunum fram að uppgjöri einstaklinga til ríkisskattstjóra.

Samanteknið - A og B hluti	Rauntölur 2020	Útkomuspá 2021	Áætlun 2022	Áætlun 2023	Áætlun 2024	Áætlun 2025
<b>Rekstrarreikningur</b>						
<b>Rekstrartekjur</b>						
Útsvar og fasteignaskattur.....	399.642	416.982	427.474	468.177	491.659	516.137
Framlög Jöfnunarsjóðs.....	158.275	151.729	189.729	195.421	201.284	207.322
Aðrar tekjur.....	120.995	258.145	175.692	183.018	190.527	198.224
	678.912	826.857	792.895	846.617	883.470	921.683
<b>Rekstrargjöld</b>						
Laun og launatengd gjöld.....	364.815	428.785	437.004	450.114	463.617	477.526
Lífeyrisskuldbinding, breyting.....	626	700	1.717	0	0	0
Annar rekstrarkostnaður.....	265.514	323.109	309.061	320.006	331.224	342.722
	630.955	752.593	747.782	770.119	794.841	820.248
<b>Rekstrarniðurstaða fyrir afskriftir</b>	47.957	74.263	45.113	76.497	88.629	101.435
Afskriftir.....	( 22.333 )	( 22.702 )	( 27.794 )	( 32.181 )	( 37.325 )	( 40.802 )
<b>Rekstrarniðurstaða án fjármunatekna og fjármagnsgjalda</b>	25.624	51.561	17.320	44.316	51.304	60.633
<b>Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld):</b>						
Vaxdatekjur og aðrar fjármunatekjur.....	12.009	1.327	3.382	2.898	2.841	2.835
Vaxdatekjur af kröfum á eigin fyrirtæki.....	0	0	0	0	( 0 )	( 0 )
Vaxtagjöld og verðbætur.....	( 24.253 )	( 14.190 )	( 14.606 )	( 21.406 )	( 29.109 )	( 33.098 )
Vaxtagjöld af skuldum við eigin fyrirtæki.....	0	( 0 )	0	( 0 )	0	0
Gengismunur.....	0	0	0	0	0	0
	( 12.244 )	( 12.863 )	( 11.224 )	( 18.508 )	( 26.268 )	( 30.262 )
<b>Rekstrarniðurstaða án framlaga og skatta</b>	13.380	38.698	6.095	25.809	25.036	30.371
Framlög frá eigin sjóðum.....	0	0	0	0	0	0
Hlutdeild minnihluta í afkomu.....	0	0	0	0	0	0
Hlutdeild í afkomu dóttur- og hlutdeildarféлага.....	0	0	0	0	0	0
Tekjuskattur.....	0	0	0	0	0	0
Óreglugerir liðir, tekjur (gjöld).....	0	0	0	0	0	0
<b>Rekstrarniðurstaða</b>	<b>13.380</b>	<b>38.698</b>	<b>6.095</b>	<b>25.809</b>	<b>25.036</b>	<b>30.371</b>


Mynd 9 Rekstrarreikningur 2022-2025

Skaftárhreppur mun því standast jafnvægisregluna um rekstrarjöfnuð skv. 3. mgr. 64. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 sem fjallar um viðmiðanir um afkomu og fjárhagsstöðu sveitarfélaga. Samkvæmt því verða heildarútgjöld til rekstrar vegna A- og B-hluta í reikningsskilum á hverju þriggja ára tímabili ekki hærri en sem nemur samanlögðum reglulegum tekjum.



## Skaftárhreppur

### Rekstrarjöfnuður / jafnvægisregla



Mynd 10 Rekstrarjöfnuður skv. sveitarstjórnarlögum nr. 138/2011

Sandra Brá Jóhannsdóttir, sveitarstjóri

Kirkjubæjarklaustur 15. desember 2021